

Mál nr. 39/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sjúkraþjálfunarstöðvar.****Kona klemmdist á fæti er meðferðarbekkur sem hún var á féll niður.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6.2.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.2.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M, sem er parkisonsjúklingur, var hinn 31. mars 2016 í sjúkraþjálfunarmeðferð hjá sjúkraþjálfunarstöðinni A. Eftir æfingar í sal án sjúkraþjálfara mun hafa staðið til að M færi í meðferð hjá tilteknum sjúkraþjálfara á þar til gerðum meðferðarbekk. Hæð bekkisins er stjórnað með lofti þar sem honum er lyft og látinn síga eftir óskum. Takkar sem ætlast er til að stigið sé á til að stilla hæð bekkisins eru undir honum. Áður en sjúkraþjálfarinn kom til M hafði hún sest upp á bekkinn og teyg sig með vinstri fæti í umrædda takka til að lækka hæð bekkisins. Seig þá bekkurinn niður á hælinn á vinstri fæti M og klemmdist fóturinn milli takkans og bekkisins svo hún hlaut talsverð meiðsl af.

Í greinargerð sjúkraþjálfara M um atvikið kemur fram að bekkurinn hafi verið í notkun í 26 ár og vitað sé um tvö tilfelli þar sem fólk hafi slasast við notkun hans. Í bæði skiptin hafi það gerst með þeim hætti að viðkomandi hafi setið á bekknum og teyg fótinn í takkann sem hækkar og lækkar bekkinn „þannig að neðsti hluti fótar er í lóðréttri stöðu og klemmist því á milli grindarinnar og plötunnar sem setið er á, í staðinn fyrir að fara af bekknum til að breyta“ hæðinni. Bekkurinn mun enn þá vera í notkun þó án þess að hægt sé að hækka hann eða lækka.

Í skýrslu lögreglu um slysið segir að í hönnun bekkisins sé „ekki ætlast til þess að sá sem er að nota bekkinn stjórni hæð bekkisins heldur á sjúkraþjálfarinn, í þessu tilviki, að sjá um það.“

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut í slysinu. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Klemmihætta var fyrir hendi þegar hæð meðferðarbekkjarins var stillt af þeim sem var á bekknum og slys hafði áður orðið við hann. Samkvæmt því sem fram kom í lögregluskýrslu verður ekki annað ráðið en að sá sem liggur eða situr á bekknum á ekki að stilla hæð hans heldur sá sem stendur við bekkinn, eftir atvikum sjúkraþjálfarinn sem sinnir sjúklingi á bekknum. Á hinn bóginn virðist það hafa viðgengist að þeir sem eru á bekknum hafi verið að stíga á takkann undir bekknum til að stilla hæðina. Í því hefur falist slysaþætta sem A átti að bregðast við með því að vara sérstaklega við því að hæð bekkisins sé stillt af þeim sem liggur á bekknum. Með því að hafa ekki brugðist við þessari hættu telst A bera skaðabótaábyrgð á tjóni M. Eins og málið liggur fyrir er ekki efni til að skerða bætur vegna meðábyrgðar M. Líkamstjón hennar telst því vera að fullu bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á óskoraðan bótarétt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.